

PAXIÐ

-Podcast



Afhverju valdi ég að gera podcast og hvers vegna þetta umfjöllunarefni?

Ástæðan fyrir því að ég valdi að gera podcast er sú að mig langaði að breyta aðeins til og prófa gera eitthvað nýtt, sem sagt gera eitthvað annað en ritgerð. Ég valdi að gera podcast um áhrifavalda og samfélagsmiðla, af hverju? Jú vegna þess að þetta umfjöllunar efnið vekur mikinn áhuga hjá mér og hef ég lengi spáð í það. Mér finnst gaman að hlusta á podcöst og langaði mig þess vegna að prófa það sjálf. Hugmynda fékk ég þegar ég var að skrolla niður á Instagram og horfa á Instastory hjá áhrifavöldum. Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar ég var að horfa á InstaStory hjá Sunnevu Einarsdóttir og Sólrúnu Diego, þessar tvær konur eru með mjög misjafnt umfjöllunarefni inn á netinu. Podcastið mitt heitir Paxið, en það kemur frá PepsiMax, eins og sjá má á logoinu. Nafnið á þættinum á mamma mín heiður á, en hugmyndin kom þegar við sátum við eldhúsborðið heima að borða kvöldmat og drekka PepsiMax, ég var búin að hugsa lengi um nafn fyrir podcastið og þarna kom það bara beint upp í hendurnar á mér.

Vinnan við verkefnið

Ég byrjaði á því að finna mér efni til þess að fjalla um, og ég var ekki lengi að því. Næst hafði ég samband við Petru Lind og spurði hvort hún væri til í að vera leiðbeinandi minn sem hún var til í að gera. Þá var ekkert annað en að byrja finna heimildir og taka síðan upp af heimildaleit lokinni. Ég gerði mig fulla grein fyrir því að þetta gæti tekið langann tíma, sérstaklega vegna þess að það þarf náttúrulega að fín pússa podcastið.

Vinnan við verkefnið fannst mér persónulega frekar erfið, ég er ekki rosalega flink á tæknina sem gerði þetta enn þá erfiðara, en ég klóraði mig í gegnum það.

Verkefnið

Verkefnið er podcast eins og kemur fram hér að ofan, í podcastinu er komið inn á áhrifavalda og samfélagsmiðla. Það er mest megni verið að tala um Instagram samfélagsmiðilinn en það er vegna þess að hann er talinn hafa skaðlegustu áhrifin á unga krakka, en hinir samfélagsmiðlarnir. En það er einmitt aðal umfjöllunarefni þáttisins, áhrifin sem samfélagsmiðlar hafa á fólk í dag og þá aðallega yngri kynslóðina, en þar spila áhrifavaldar mikið inn í og þess vegna er einnig komið dálítið inn á þá.

Þættinum er skipt niður í fjóra kafla, hver kafli er með sitt eigið umfjöllunarefni en allir kaflarnir tengjast saman á einhvern hátt. Ég byrja á því að tala um auglýsingar á samfélagsmiðlum, síðan störf áhrifavalda, svo tala ég um Instagram sem skaðlegan samfélagsmiðil og síðasti kafli er áhrif Instagrams á ungar konur, það segir sig sjálf hvað er talað um í hverjum og einum þætti.

Í lok podcastsins fékk ég til mín tvo gesti, Grzegorz og Þórey, en þetta er mamma mín og stjúpfaðir minn. Ég ákvað að taka þau því podcastið fjallar aðallega um unga krakka og samfélagsmiðla og þau eru fullorðin og eiga einmitt unga krakka. En í viðtalinu spyr ég þau spurninga og þau svara, út frá spurningunum mynduðust nær alltaf samræður sem kom skemmtilega á óvart (Þórey Kristín Sveinsdóttir og Grzegorz – viðtal, 2021).

Heimildaskrá:

Ahrifavaldur. (e.d.). *naestaskref.is*. Sótt 30. apríl 2021 af

<https://naestaskref.is/starfalisti/ahrifavaldur/>

Lilja Bjarnadóttir. (e.d.). Reglur um auglýsingar á samfélagsmiðlum. *Ský*. Sótt 28. apríl 2021

af <https://www.sky.is/index.php/toelvumal/item/2248-reglur-um-auglysingar-a-samfelagsmidhlum>

Matthías Tryggvi Haraldsson. (12.06.2017.). Instagram skaðlegasti samfélagsmiðillinn. *Rúv*.

Sótt 1. maí 2021 af <https://www.ruv.is/frett/instagram-skadlegasti-samfelagsmidillinn>

The Impact of Instagram Use in Young Women. (11.05.2020.).

networkconference.netstudies.org. Sótt 1. maí 2021 af

<http://networkconference.netstudies.org/2020Curtin/2020/05/11/the-impact-of-instagram-use-in-young-women/>